



Ágæti félagsmaður,

Afkoma ársins 2021

Á liðnu ári náði félagið vopnum sínum aftur. Samstæða SS skilaði góðum árangri auk þess sem móðurfélagið skilaði sinni bestu afkomu fyrir fjármagnsliði í 115 ára sögu félagsins. Þakka ber starfsfólki þennan frábæra árangur, bændum og viðskiptavinum sem völdu að eiga viðskipti við félagið.

Grundvöllur góðs árangur eru farsælar ákvarðanir liðinna ára í uppbyggingu félagsins. Veruleg veltuaukning liðins árs á sama tíma og tókst að halda kostnaði í skefjum skilaði miklum afkomubata. Félagið naut sterkrar markaðsstöðu og öflugra söludeilda. Einnig má sjá að aukin vélvæðing hefur skilað markvert betri árangri í matvælaiðnaði. Áhersla er á áframhaldandi vélvæðingu og sjálfvirkni til að draga úr framleiðslukostnaði.

SS er fjárhagslega mjög sterkt með 61% eiginfjárhlutfall og getur því miðla auknum hluta af afkomu sinni til félagsmanna. Í janúar voru greiddar 84 mkr. til félagsmanna, sem 5% viðbót á allt afurðainnlegg liðins árs, og hefur aldrei áður verið greitt eins mikið til bændu í viðbót á afurðaverð.

Fyrir aðalfundi liggur tillaga stjórnar um 6% vexti á A deild stofnsjóðs sem er langt umfram þá innlánsvexti sem bjóðast á markaði. Stefna félagsins er að vinna áfram með þessum hætti til að bændur sjái hag í að eiga viðskipti við SS.

Rétt er að benda á að samstæða SS er stærsti atvinnuveitandi á Suðurlandi og leggur verulega fjármuni til að styðja æskulýðs- og félagsstarf. Með viðskiptum bændu við félagið nær félagið meiri árangri í að lækka kostnað og þar með vöruverð og getur einnig skilað meiru til baka, bæði til bændu og samfélagsins.

Matarsóun

Matarsóun og umhverfismál eru í forgangi hjá SS. Matarsóun er að sjálfsögðu umhverfismál og eykur kolefnisspor og sóar auðlindum jarðar. Það eru alltof mikil verðmæti að tapast í dreifingu vara í gegnum smásölu vegna vöruskila.

SS endurgreiddi verslunum 160 mkr. vegna vöruskila á síðasta ári sem er í hróplegu ósamræmi við kröfur neytenda um minni matarsóun. Það segir sig sjálf að ekki er hægt að skila innfluttum kjötvörum og veikja vöruskil því samkeppnisstöðu innlendra vara.

Það má spyrja sig af hverju SS hætti ekki einfaldlega að leyfa vöruskil og losni við þennan kostnað. Þá verður að líta til þess að í samkeppni á markaði hafa framleiðendur látið að vilja verslana og tekið á sig vöruskil gegn því að fá gott hillupláss. Ef einhver aðili sker sig frá í þessu efni hefur það verulega neikvæð áhrif á viðskipti.

Breytt viðhorf neytenda og aukin umhverfisvitund mun leiða til breytinga á þessu sviði í náinni framtíð.





Skilavörur á leið í urðun

SS er að innleiða tvívíð strikamerki sem auðvelda að draga úr þessari sóun og að vörur sem fara inn í verslanir séu seldar þar en ekki skilað. Allt annað er neikvætt umhverfislega og hækkar vöruverð.

Góður árangur í sorpflokkun

Í stefnu félagsins kemur fram mikil áhersla á umhverfismál og að gera skuli allar vörur sem hægt er að afurðum. Nánar er hægt að lesa um stefnuna á vef félagsins:

<https://www.ss.is/um-ss/umhverfisstefna/>

Flokkun á sorpi og úrgangi er mjög mikilvæg til að ná árangri á þessu sviði. Á liðnu ári voru miklar framfarir í matvælaíðnaði og hlutfall þess sem hægt var að setja í endurvinnslu og endurnýtingu jókst úr 45% upp í 87%. Sjá nánar í eftirfarandi töflu.

Tölur í kg:

	2021	2020
Almennt	86.997	487.880
Pappi	29.040	44.340
Grænt	33.810	0
Lífrænt	572.820	359.000
málmar	1.930	0
	724.597	891.220

Endurbygging stórgripasláturhúss

Í síðasta fréttabréfi var kynnt að SS væri að skoða tvo valkosti varðandi endurbætur á stórgripaslátrun félagsins. Annars vegar að lagfæra núverandi aðstöðu og hins vegar að byggja nýtt stórgripasláturhús.

Eftir forkönnun er niðurstaðan að endurbyggja núverandi stórgripasláturhús en með flestum þeim möguleikum sem voru hugsaðir í nýju húsi svo sem sauðfjárslátrun og verkun afurða úr stórgripainnyflum. Verkið er unnið í samvinnu við erlenda sérfræðinga og verður útfært þannig að óveruleg truflun verði á slátrun á meðan á því stendur. Stefnt er að því að hægt verði að hefja framkvæmdir fyrir lok árs.

Hækkun á nautgripaverði

Þann 28. febrúar breyttist innleggsverð nautgripa. Þróunin er í sömu átt og síðasta verðbreyting í lok ágúst. Betri flokkar eru hækkaðir en slökustu flokkarnir undir 200 kg eru lækkaðir. Í heild er um hækkun á meðalverði að ræða.

Samanburður við verð annarra afurðstöðva sýnir að félagið er að greiða samkeppnishæft verð að meðaltali þó að munur sé milli aðila á einstökum flokkum upp og niður. Einnig ber að hafa í huga að SS greiddi í



janúar 5% viðbót á allt nautgripainnlegg ársins 2021 sem engin önnur afurðastöð hefur gert.

Sjá nánar á: <https://www.ss.is/nautgripir-afurdaverd/>

Áburðarmál

Eins og allir vita hefur verð á áburði hækkað gífurlega milli ára og óvíst með framhaldið. Ástandið í Úkraínu verður ekki til að flýta fyrir lækun á verði.

SS hefur lagt sig fram um að lágmarka eins og hægt er verð á áburði bæði með samningum við Yara og einnig með því að reikna inn í verðið birgðir sem félagið átti og voru keyptar á lægra verði.

Vegna hagstæðra samninga og birgða þá er einkorna gæðaáburður frá Yara í mörgum tilvikum á lægra verði en fjölkornaáburður. Að teknu tilliti til efnainnihalds getur oft munað umtalsverðu Yara í hag en Yara áburður er gefinn upp í hreinum efnum en aðrir áburðarsalar nota sýrlinga sem getur gefið villandi samanburð. Það ætti því að vera enn meiri ávinningur en áður að kaupa Yara áburð.

Félagið hefur auk þess, vegna styrkingar íslensku krónunnar, lækkað áburðarverð frá upphaflegri verðskrá annars vegar með því að innheimta ekki fyrir flutning til bænda og hins vegar með því að lækka verð allra tegunda um 5 þkr/tn. Í heild vegur þessi lækun rúmlega 5% í áburðarverði.



Yara stendur fyrir hágæða einkornaáburð

Kölkun hefur mikil áhrif á áburðarnýtingu. Með notkun á Dolemit Mg-kalki hækkar sýrustig jarðvegs. Jarðvegssýni tekin af búvörudeild félagsins sýna mjög jákvæða þróun en á árinu 2021 voru 54% jarðvegssýna með pH gildi yfir 5,5 en einungis 23% árið áður.

Þeir fjölmörgu bændur sem nota Dolemit Mg-kalk eru nú farnir að sjá verulegan ávinning með betri nýtingu á áburði og þar með minni áburðarnotkun. Dolemit Mg-kalk er í boði frá helstu höfnum landsins.

Kalk hefur ekki hækkað í verði eins og áburður og því mikill hagur af því að kalka til að draga úr áburðarnotkun. Í eftirfarandi töflu má sjá þann mikla sparnað sem næst með réttu sýrustigi jarðvegs.

Kölkun hefur áhrif á áburðarnýtingu

Næringarefni	4,5	5,0	pH 5,5	6,0	7,0
Nýting næringarefna við mismunandi sýrustig jarðvegs					
Köfnunarefni	30%	53%	77%	89%	100%
Fosfór	23%	34%	48%	52%	100%
Kalí	33%	52%	77%	100%	100%
Áburðartap og kostnaður vegna áburðartaps við mismunandi sýrustig jarðvegs					
Áburðartap	75%	54%	33%	20%	0%
Kostnaður, kr/ha*	60.750	43.740	26.730	16.200	0

*Kostnaður við áburðartap miðast við eftirfarandi forsendur: 0,6t/ha x 135.000 kr/tonn = 81.000 kr/ha

Sjá nánar um áburð og aðrar búrekstrarvörur á vef félagsins:

<https://www.buvorur.is/>

Af spjöldum sögunnar - Lóðið

SS er eitt elsta fyrirtæki landsins, stofnað 28. janúar árið 1907. Í fórum félagsins eru margir merkilegir hlutir sem tengjast hinni löngu sögu.

En við varðveitum einnig hlut sem er vel fyrir tíma félagsins. Okkar eini sanni Níels Hjaltason, sem hefur leitt gæðaeftirlit félagsins í meira en 40 ár, kom á dögnum til mín með merkilegan hlut sem er 5 punda lóð merkt Kristjáni 5. Danakonungi sem uppi var frá 1646 til 1699. Lóðið er komið frá einu þeirra sauðfjársláturhúsa sem

félagið rak á árum áður. Á lóðinu má sjá far fyrir innsiglismerki.

Það er því allt sem bendir til þess að lóðið sé frá 17. öld og er skemmtileg viðbót við minjasafn SS.



Fimm punda lóð frá 17. Öld



Peningur frá tíma Kristjáns 5. með sama merki og er á lóðinu

Álag á þyngri dilka

Í fréttabréfi 2021 - 2. tbl var reifuð sú hugmynd að greiða álag á þyngri dilka vegna þess að þeir stuðla að lækkun sláturkostnaðar og rétt væri að miðla hluta ávinnings til bænda og hvetja þannig til aukinnar meðalþyngdar.

Nú liggur fyrir tillaga að slíkri útfærslu sem er einfaldari en það sem rætt var í nefndu fréttabréfi.

Hugmyndin er sú að greiða 40 kr/kg á þá þyngd sem dilkar eru umfram 18 kg að hámarki 26 kg og eingöngu á flokka R, U og E, fituflokka 3 og 3+. Ekki er greitt á fituflokk 2 vegna þess að það er of lítil fita er dilkar eru komnir upp fyrir 18 kg.

Þetta þýðir að á dilk sem er 22 kg í þessum flokkum þá væri greitt $(22-18)*40 = 160$ kr/dilk. Ef dilkur væri 29 kg þá væri greitt $(26-18)*40 = 320$ kr/dilk.

Síðasta haust þá féllu 50 tn inn í þetta þyngdarbil og þessa flokka. Kostnaður SS hefði því verið 2 mkr. ef svona álag hefði verið greitt síðasta haust.

Það er ljóst að álag á þyngri dilka getur leitt til þess að bændur vilji seinka slátrun til að bæta við þyngd. Af þessum sökum er ekki hægt að taka stór skref í þessa átt því félagið verður að geta fullnýtt sláturgetuna allar vikur.

Með bréfinu fylgir hlekkur í skoðanakönnun sem lesendur eru beðnir að taka þátt í. Skoðanakönnunin er um viðhorf til álags á þyngri dilka eins og hér er lýst.



Staðan á kjötmarkaði

Framleiðsla kjöts í janúar breyttist í heildina lítið en milli kjötgreina má sjá mikla aukningu í alifuglum og samdrátt í svínunum.

Á söluhlíðinni er samdráttur í svínunum og einnig í kindakjöti eftir verulega aukningu í sölu á kindakjöti frá miðju síðasta ári. En varast ber að draga of miklar ályktanir af tölum eins mánaðar.

Í heild er verulegur samdráttur í kjötsölu í janúar. Í ljósi þess að fjöldi ferðamanna mun aukast hratt næstu mánuði þá ætti að vera framundan góður sölutími fyrir innlent kjöt.

Framleiðsla í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	803,866	2,334,637	9,340,045	13.6 %	8.8 %	3.9 %
Hrossakjöt	115,854	411,101	828,030	-3.6 %	-9.8 %	-19.7 %
Kindakjöt	0	240,992	9,394,885		9.9 %	-1.0 %
Nautgripakjöt	374,991	1,240,079	4,947,481	-4.5 %	6.2 %	6.9 %
Svínakjöt	467,649	1,638,123	6,457,274	-20.2 %	-2.8 %	-5.7 %
Samtals	1,762,360	5,864,932	30,967,715	-2.4 %	3.4 %	-0.0 %

Framleiðsla til loka janúar 2022 skv. mælaborði landbúnaðarins

Sala í kg.

Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán	Δ % 12 mán
Alifuglakjöt	734,963	2,110,187	8,966,631	0.5 %	-1.2 %	0.2 %
Hrossakjöt	31,687	200,508	566,818	-61.9 %	-21.4 %	-13.8 %
Kindakjöt	446,721	1,845,739	6,819,545	-9.5 %	24.8 %	10.6 %
Nautgripakjöt	392,933	1,262,641	4,962,062	3.2 %	8.9 %	7.5 %
Svínakjöt	455,955	1,626,429	6,416,152	-22.2 %	-3.4 %	-6.3 %
Samtals	2,062,259	7,045,503	27,731,207	-9.3 %	4.9 %	1.8 %


Sala til loka janúar 2022 skv. mælaborði landbúnaðarins

Innflutningur kjöts árið 2021

Í umræðu um landbúnaðarmál kemur iðulega fram að auka þurfi innflutning kjöts og látið eins og innflutningur sé óverulegur. Þetta er ekki rétt.

Neðangreint stöplarit, sem fengið er úr mælaborði landbúnaðarins, sýnir að í þremur kjöttegundum af fjórum var innflutt kjöt nálægt 20% af heildarsölu á síðasta ári. Verið er að afla upplýsinga frá nágrenna löndum til að sjá hversu mikið er flutt inn af sölu í hverju landi.

Hlutfalli innflutnings á móti sölu eftir flokkum



Endurnýjun á flutningabíl

SS fékk nýlega afhenta glæsilega Scania vörubifreið sem leysir af hólmi eldri og minni bíl. Nýi bílinn ber 16 tn, sem er tvöfalt það sem gamli bílinn bar, og er með öllum búnaði m.a. kastkeðjum sem skipta miklu í erfiðri færð.

Megin verkefni bílsins verður að keyra búvörum til bænda. Kostnaður félagsins lækkar umtalsvert með nýjum bíl auk þess sem hægt verður að auka þjónustuna. Bílinn er með kælikassa og öflugri kælivél og getur því komið að flutningum kæli- og frystivara eins og þarf.

Það tíðkast er skip eru sjósett og skírð að brjóta vínflösku á stefni þeirra. Heiðar Jónsson bílstjóri tók við vínflösku er hann fékk bílinn til umráða en vegna umhverfisstefnu SS var honum falið að drekka úr flöskunni en brjóta ekki.



Heiðar Jónsson tekur við nýrri Scania bifreið og vínflösku

Vöruþróun & nýjungar

Í vöruvali SS eru margar afbragðsvörur sem eru seldar inn á veitingamarkað en eru ekki í smásölu.

Ein slík, sem nýtur alltaf mikilla vinsælda, er raspaðar kótilettur. Þær eru til hráar eða forsteiktar og eru seldar í hentugum 5 kg kössum og gætu hentað félagsmönnum hvort sem er fyrir eigin notkun eða ef þeir reka ferðapjónustu.

Verð til félagsmanna er 2.126/kg fyrir hráar og 2.462/kg fyrir forsteiktar. Vsk leggst við í báðum tilfellum.



Raspaðar hráar kótilettur eru seldar í 5 kg pakkningum



Starfsfólkið á bak við SS

Niels Hjaltason á að baki langan og farsælan starfsferil hjá SS. Hann hóf störf árið 1968 sem nemandi í kjötiðn og starfaði hjá félaginu til ársins 1973 er hann fór til Danmerkur í frekara nám í matvæla-tæknifræði. Kom svo aftur og tók við stöðu deildarstjóra gæðaeftirlits í ágúst 1981 og hefur gengt því starfi síðan.

Niels hefur gert frábæra hluti fyrir SS og verið lykilmáður í að tryggja gæði framleiðsluvara sem SS byggir á.

Helstu áhugamál Nielsar eru smíðar, lestur góðra bóka, útivist, ferðalög og fjölskyldan.

Til gamans má geta þess að faðir Nielsar, Hjalti Eymann heitinn, starfaði hjá SS í um 25 ár, lengst af sem verkstjóri í pökkunardeild.



Niels Hjaltason deildarstjóri gæðaeftirlits

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason